

Hafnarfirði 26. október 2012

Til sveitarstjórna vegna áfengisauklýsinga á íþróttasvæðum

Áfengisauklýsingar hanga uppi á íþróttarsvæðum þar sem börn og unglingar eru við leik og störf víðs vegar um landið. Um er að ræða fótboltavallasvæði, golfvelli, íþróttahús svo eitthvað sé nefnt.

Samkvæmt lögum er bannað að auklýsa áfengi á Íslandi rétt eins og það er bannað að auklýsa tóbak. Söluaðilar áfengis hafa farið til hliðar við lögin og auklýsa léttöl í stað bjórs. Hins vegar eru þeir oft að auklýsa vörur sem eru illfáanlegar. Það sjá allir í gegnum þetta og átta sig á því að það er verið að auklýsa bjór og ekkert annað. Þessar auklýsingar eru því meðvitaðar ákvarðanir þeirra sem auklýsa áfengið og þeirra sem bera ábyrgð á íþróttasvæðum landsins.

Sveitarfélög styðja bakvið íþróttafélögin meðal annars af því að íþróttir hafa forvarnagildi og sveitafélög eiga oftast megnið af þeim fasteignum og lóðum þar sem íþróttastarfið fer fram á. Því viljum við hvetja sveitastjórnir til að vernda börnin og koma í veg fyrir að áfengi sé auklýst á íþróttasvæðum hvort sem þau séu rekin á vegum sveitarfélaga eða íþróttafélaga. Sveitastjórnir eiga að skilyrði framlag sitt og tryggja að velferð barna sé höfð að leiðarljósi á íþróttasvæðum.

Auكلýsingar hafa áhrif. Ef þær hefðu ekki áhrif þá væri varla verið að auklýsa. Börn og unglingar eiga að hafa lögverndaðan rétt til að vera laus undan áfengisáróðri. Ef menn eru ekki sammála því hvort auكلýsingar virki eða hvort landslög eigi að tryggja vernd barnanna, ættu menn ekki samt að láta börnin njóta vafans í þessu samhengi. Það dettur engum í hug að vera með áfengisauklýsingu eða léttölsaauklýsingu í skóla, skátaheimilinu eða á þeim stað þar sem æskulýðsstarf fer fram á.

Til eru íþróttafélög sem tekið hafa meðvitaða ákvörðun að auklýsa ekki áfengi á íþróttasvæðum sínum. Foreldrasamtök gegn áfengisauklýsingum vill hrósa þeim fyrir framlag sitt og hvetur sveitastjórnir til að taka undir það.

Með von um jákvæð viðbrögð og aðgerðir

F.h. Foreldrasamtaka gegn áfengisauklýsingum

Árni Guðmundsson, Baldur Þór Sveinsson, Geir Bjarnason og María Birna Jónsdóttir

<http://www.foreldrasamtok.is/>

Foreldrasamtök gegn áfengisauklýsingum
Mjósundi 10
220 Hafnarfirði

Hafnarfjarðarbær
1.11.2012
1211008
252.1